

Pétur og Ólafur

I

Fyrir kom að foreldrar föður míns færu að sumarlagi út að Höfn í Melasveit, þar sem Pétur Sivertsen, faðir ömmu minnar, hafði búið. Sonur hans, Torfi, tók við búi þar með konu sinni, Þórunni Ríkarðsdóttur, sem áður hafði verið heimiliskennari að Gilsbakka. Það mun hafa verið skömmu eftir aldamótin, líklega 1901, að pabbi fékk að fara með þeim í þessa ferð.

Segir ekki af ferðinni þangað suðureftir fyrr en komið er í hlað á Höfn. Þar fór Pétur af baki, skrikaði fótur í mölinni, féll á hnéð og hruflaðist lítið eitt. Ekki fékkst hann um það en heilsaði heimamönnum. Þá víkur sér að honum snaggaralegur strákur, ívið yngri en pabbi og segir við hann: „Hvað er að sjá á þér fótinn, þetta er ugglaustrandur!“ „Já,“ svarar Pétur, „eða þá beri-beri. En það grær nú samt! En hver ert þú?“ „Ég er Óli Jensen — eða ef þú vilt heldur, Ólafur Tryggvason Jensen.“ Síðan hlógu báðir og tókust í hendur.

Þarna var örlagastund, upphaf ævilangrar vináttu og samfylgdar um vegi lífsins, þeirra Ólafs og Péturs. Þeir urðu skólabræður í menntaskóla, spilafélagar ævilangt, sátu saman í bæjarstjórn Reykjavíkur og síðar á Alþingi. Annar þeirra varð formaður og hinn varaformaður flokks síns og saman sátu þeir í ríkisstjórn. Þeir urðu næstu nágarnar í áratugi — og börn þeirra ævívínir. Að lífsferlinum loknum hvíla þeir í Hólavallargarði, aðeins steinsnar á milli bautasteina þeirra.

Það má því vissulega segja að örlagaþræðir þeirra félaganna voru býsna þétt samofnir. Ég get fjallað svolítið um þá báða því kynni mín af þeim skorðast af þeirri staðreynd að ég er sonur vinar Ólafs og vinur sonar hans. Kynslóðabilið er engin hindrun. Ég var heimagangur hjá Ólafi og síðar starfsmaður hans og samherji.

En samstarfssaga þeirra félaganna Ólafs og Péturs verður ekki öll sögð hér — aðeins gripið á nokkrum atriðum, sem varða æsku þeirra, vináttu og samleið í lífinu. Og víkjum þá lítillga að æsku þeirra.



Ólafur Thors á fermingaráldri.

Kynnin halda áfram, enda hefja báðir nám í Menntaskólanum í Reykjavík. Pétur, sem er eldri, sest í fyrsta bekk skólans haustið 1904, en Ólafur kemur í fyrsta bekk 1905. Hvorki aldursmunur né bekkja kemur í veg fyrir samheldni þeirra og vaxandi kynni og vináttu. Þeir skrifast á, þegar Pétur er kominn upp að Gilsbakka — og vík verður milli vina. Eitt af fyrstu bréfunum frá Ólafi sem ég hef fundið í bréfasafni pabba, er skrifað 12. júlí 1908. Það er skemmtilegt m.a. vegna þess að það er skrifað um borð í p/s Clar, „úti á Atlantshafi“, eins og segir um ritunarstaðinn. Bréfið er svona:

Kæri vinur minn,

Bestu þakkir fyrir bréfið þitt, og fyrir síðast og fyrir allt gamalt og gott. Þér þykir víst skrítið að sjá yfirskriftina og er svo háttáð högum mínum að ég er á leið til Spánar og kannski Portugals, Ítalíu og svo til Balerísku eyjanna, og þetta með norsku skipi, sem er í þjónustu „Godthaab“, og er fullfermt fiski.

Við lögðum frá Reykjavík 3/7 og erum við hér bræður báðir, og skyldi Jón Ól. vera með, var boðin frí ferð, en fékk ekki leyfi. Við héldum svo til Færeyja og vorum þar í þrjá daga að taka fisk og nenni ég ekki að telja landalýsingar, enda eru (þær) oft leiðinlegar.

Við erum nú að halda til smábæjar eins á vesturströnd Skotlands, er „Troon“ heitir og ætlum að taka kol og siglum nú svo, að land er á báðar hendur. Skotland á aðra en Írland á hina. Það gengur annars nógu glatt hér á skipi. Skipstjórinn er feitur miðaldra maður, mjög skemmtilegur karl og óspar á að gefa vín með mat, þó mest rauðvín sé.

Strákarnir klæmskir kvennamenn, en þess gætir lítt á sjó. Við erum 14 alls og er skipið 315 register tonn, sem er svipað því sem „Skálholt“ er.

Annars gengur dagurinn í að eta og drekka og kjafta, tefla, lesa, spila, skrifa dagbókina o.fl. Maður fær víst að kenna hitans; þegar sunnar kemur, kvað hann vera um 30° og þar yfir...

Sjóveiki get ég ekki sagt að ég þekki, enda er veður hið besta, logn og sjólaust og í dag hefur verið ákafur hiti.

Ég hef nú fátt fleira að segja þér og nenni þá ekki að vera að krota bara til að teygja efnið og láta (það) sýnast meira. Ég býst ekki við að fá bréf frá

þér fyrr en ég kem heim, sem ég býst við að verði fyrst í september og býst heldur ekki við að skrifa þér oftár (í ferðinni).

Líði þér svo alltaf sem best og hættu ekki námi.

Þinn vin

Ólafur Tr. Jensen

Þarna er 16 ára drengur að skrifa vini sínum uppi í Borgarfirði. Ég sé í þessu bréfi að Ólafur segist halda dagbók. Það hef ég aldrei heyrt um áður. Vera kann að hann hafi skrifað dagbók um ferðina, sem hann er að lýsa. Ingibjörg dóttir Ólafs sagðist ekki hafa heyrt að pabbi sinn hafi haldið dagbók.

Pétur hagaði menntaskólanámi sínu þannig, að hann sat í skólanum fyrstu þrjú bekkina, en las svo fjórða og fimmta bekk utanskóla heima á Gilsbakka, settist svo í 6. bekk haustið 1910 og lauk stúdentsprófi vorið 1911.

Veturinn 1908 er Ólafur í 3. bekk skólans, en Pétur er uppi á Gilsbakka. Samband þeirra byggðist á bréfaskriftum þau árin, sem Pétur dvelur aðallega uppfrá. Bréf Ólafs eru gædd fjöri og gáska, en þau eru líka fróðleg. Hér er þess ekki kostur að greina frá þessum bréfum nema smáglefsum úr nokkrum þeirra.

Í bréfi sem Ólafur skrifar 14. mars 1908 segist hann þurfa að skrifa mörg bréf, meðal annars til Hauks bróður síns, sem dvelji á Staðarhrauni þennan vetur. Þar var þá prestur Stefán Jónsson, sem giftur var Jóhönnu Magnúsdóttur frá Syðra-Langholti, sem var systkinabarn við afa minn, Magnús á Gilsbakka. Trúlega hefur Haukur, sem þá var 12 ára, verið við nám hjá séra Stefáni. Hann fór síðar í M.R. og var þar um skeið, en lauk verslunarnámi í Kaupmannahöfn 1916.

Í þessu bréfi vísar Ólafur að félagslífi í skólanum. Segir hann að 25 ára hátíð Framtíðarinnar hafi þá nýlega verið haldin. „Þar var m.a. sungið kvæði eftir Th. Jakobsson með lagi eftir Pál Erlends.“ Hann getur þess líka að glímufélagi hafi verið komið á, þennan vetur í skólanum. „Það hefur nú reyndar alltaf verið við dauðann og aðeins nokkrir einstakir menn haldið því á lofti.“ Trúlega hefur Halldór Hansen, félagi Ólafs, verið lífgjafi þess félags.

Það ber nokkuð á óánægju hjá Ólafi með dvöl sína í skólanum. Þótt hann sé vinsæll meðal skólabræðra, á hann í útistöðum við kennara. Hugsanlega hafa þau átök hafist þegar Ólafur var í 2. bekk. Til er bréf frá einum kennaranna þar sem hann tilkynnir rektor skólans m.a. að hann hafi áminnt Ólaf fyrir hávaða í bekknum í kennslustundum hans. Bréfið er dagsett 8. desember 1906. Rektor, Steingrímur Thorsteinsson, gerir ekkert með þetta bréf, enda þótt kennurum sé uppálagt að halda nemendum við settar reglur. En Ólafur kann að hafa tekið óstinnt upp að verið væri að kæra hann fyrir rektor.



Ólafur Thors um tvítugt.

Vissulega var Ólafur fjörmikill og gamansamur, en hann var líka dreglyndur. Það hefði sennilega mátt ná sáttum við hann um þetta tilefni án klögumála. Þessi kennari virðist ekki skilja hinn gáskafulla ungling og gerir þarna rekistefnu útaf hégóma einum.

Í bréfi sem Ólafur skrifar Pétri 19. desember 1908, segir hann að sig langi til þess að læra til verkfræðings — „ef pabbi leyfir“. En unnt var að komast í slíkt nám án þess að hafa lokið stúdentsprófi. Hann segist „ekkert hafa lesið í haust, verð því að hætta — eða lesa af krafti“. Hann er þó ekki að hugsa um að hætta námi, heldur fara í annan skóla til þess að læra verkfræði. Hann lýkur þessum hugleiðingum með því að segja: „Þykist þó all viss um að fá ekki að hætta.“

Hann hætti ekki, heldur las utanskóla og tók stúdentspróf 1912.

Í bréfi, sem Ólafur skrifar 17. mars 1909, spjallar hann um menn og málefni. Minnst á að nýr kunningi hafi bæst í kunningjahópinn „og heitir hann Árni Jónsson frá Múla, helvíti góður náungi og til í allt sem mun talið slark og er ég nú hvað mest með honum. Aftur er farin að dofna vinátta okkar G. Kambans og sækir hann mjög að Kjartani bróður og eru þeir og E. Hjör og Halli Thorst. löngum heima hjá okkur og er þá oft yndi mitt þegar ég er skapillur að fara og skammast við þá alla, gera þá reiða og fara þeir oftast, en ég sit einn eftir, langtum kátari en þú getur hugsað þér.“

Hann víkur að heimboði hjá Hannesi Hafstein og segir: „Nú rétt fyrir skömmu var ég á bæði skemmtilegu og ódýru fylleríu og það hjá ráðherra H.H. Hann bauð sem sé mörgu yngra fólki bæjarins til dansleiks heima hjá sér og var þar dansað, etið og drukkið til kl. 4½ að morgni næsta dags.“

Hann lætur gaminn geisa og talar ekkert tæpitungumál. Þannig leikur hann sér að orðum. En hinn fasti kjarni skapgerðar hans er nú samt alvara og ábyrgðarvitund. Hann spaugar svolítið um vındrykkju. En sjálfur fór hann alla ævi vel með vín þótt hann væri enginn postuli í því efni. Ég ólst upp í nálægð hans og var honum handgenginn. Ég sá hann gleðjast með glöðum en vissi þó að hóf og gætni var ætíð með í ferðinni.

Fyrir kom að þeir pabbi og Ólafur fengu sér í glas. Það var þeim góð stund og var þá slegið á létta strengi. Orðheppni þeirra og fyndni voru gáfur, sem þeir notuðu til þess að hvílast frá þeirri alvöru og þunga, sem fylgdi störfum þeirra. Marta Thors sagði mér að það hefði verið bæði skemmtilegt og fróðlegt að fá að sitja hjá þeim á slíkum stundum.

Æskubréf Ólafs eru dæmigerð bréf ungs manns til góðs vinar. Auðvitað finnast í þeim trúnaðarmál, sem ekki eru öðrum ætluð. Ég ræði þau því ekki. En ég gerði það að gamni mínu að bera þessi bréf saman við þau bréf, sem Thor sonur Ólafs skrifaði mér frá Berkeley þegar hann var þar við nám. Og viti menn — umræðuefnin eru lík þeim, sem fóru milli fedra okkar fyrir áratugum. Og þó hafði veröld okkar annan svip en sá heimur hafði, sem þeir horfðust í augu við.

En þó að ég vilji ekki ræða persónuleg trúnaðarmál þeirra, freistast ég til þess að setja hér smákafla úr bréfi Ólafs frá 26. janúar 1910. Hann fjallar svo fallega um rómantíska stund í tilhugalífi hans og Ingibjargar:

„Á nýársdag hittist svo á að við sátum saman í leikhúsinu. Ég talaði ekki meira við hana en kurteisi mín krafði og bara um daginn og veðrið, — en falleg þótti mér hún og feikilega þurfti ég að stilla mig. Svo þegar leikurinn var úti, þá fór ég fram að ná í frakkann minn, — en þá kom hún á eftir — og já, ég veit ekki — það atvikaðist svona að ég sótti kápuna hennar og fylgdi henni heim. Og svo þegar ég kvaddi hana þá rétti ég henni þegjandi hendina og leit ekki einu sinni á hana. En þá sigraði þráin og þegar hún var komin fáein skref frá mér, þá sneri ég mér við og hvíslaði nafnið hennar og hún kom hlaupandi til mín ... en það var feikilega skemmtilegt og hátíðlegt með tilliti til tveggja barnanna sem hlut áttu að máli.“

Og þar hófst sambandið sem varð að ævilöngu og ástríku hjónabandi.



Pétur Magnússon stúdent 1911.

II

Það hefur verið álit sumra manna, sem fjallað hafa um æskuár Ólafs Thors að hann hafi ekki haft áhuga á stjórnámálum á skólaárum sínum. Ég dreg þá skoðun í efa. Hann íhugar pólitík í skóla og er gagnrýninn í betra lagi á stöðu þeirra mála. Það er ljóst að þeir Pétur og Ólafur ræða um stjórnámál sín í milli.

Ólafur ræðir um félagsmálin í menntaskólanum. Athygliverð eru orð hans í bréfi til Péturs, 26. janúar 1910: „Þú talar um pólitíkina og skólann. Það „forhold“ er nánast viðbjóðslegt. Allir piltar sem vettlingi valda ganga hópum saman í „Landvörn“ og „Fram“ og ég líka, ég slæddist í Fram ...“

Hér má auðvitað minnst þess að þau ár, sem hér er rætt um voru einhver hin heitustu deiluár í stjórnmálum, svo það er ekki nema sjálfgefið að ungir menn hafi fylgst með þeim eins og allir aðrir í landinu.

Mér finnst sennilegt að andúð Ólafs á pólitíkinni eins og hún stóð 1908 (frumvarpið) og næsta ár hafi stafað af því að honum fannst hægt ganga að koma fram skilnaði við Dani. Ekki má gleyma því að 1918 snerist Ólafur gegn sambandslagafrumvarpinu af því að honum fannst það ekki ganga nógu langt í sjálfstæðisátt Íslendingum til handa. Slíkt viðhorf á sér djúpar rætur — trúlega allt til skólaáranna. Þar talar líka sínu máli samband hans við Pétur og Árna frá Múla. Þeir höfðu góð tök á að fylgjast með pólitíkinni því feður beggja voru alþingismenn. Og það segir líka sína sögu að þessir þrír félagar urðu allir þingmenn. Ólafur fyrstur þeirra og var þó yngstur. Hann var fæddur foringi og vildi bæta hag þjóðar sinnar allt frá æskuárum.

Faðir minn hóf nám í lagadeild háskólans haustið 1911 en Ólafur fór til Kaupmannahafnar að loknu stúdentsprófi 1912 og lauk þar háskólaprófi í forspjallsvísindum. Eftir heimkomu hans hélt samband þeirra vinanna áfram. Þeir spila mikið og er Richard bróðir Ólafs oft með þeim. Í bréfi, sem pabbi skrifar föður sínum 2. janúar 1915, segir hann: „Ég var í boði hjá Thor Jensen á gamlárskvöld og skemmti mér vel þar.“ Það er augljóst að foreldrar Ólafs styðja samskipti þeirra félaganna og Pétri er afar vel tekið af fjölskyldu Thors Jensen.

III

Í Heimskringlu er lýst þeim einkennum, sem sá þurfi að hafa, er settur var fyrir aðra menn. Hann átti m.a. að vera sterkur, mjúkur og harðfengur. Höfðingi varð líka að vera fríður og bera af í mannfjölda. Slíkum manni bar og að búast vel og glæsilega.

Ólafur Thors hafði öll þau einkenni, sem um getur í hinni fornu frásögn. Hann var sannarlega svipmikill og föngulegur og skar sig úr í mannfjölda. Enginn sem sá hann mun neita því.

Þannig úr garði gerður og svo mörgum kostum búinn hið ytra var gæfan honum hliðholl, því hið andlega atgervið var ekki síðra en yfirbragðið.

Í Heimskringlu segir enn fremur að foringjar skyldu kunna vel til ræðugerðar, vera snjallir að koma fyrir sig orði og ekki sakaði að þeir væru fastorðir og heitvandır.

Allt kemur þetta hið besta heim við Ólaf Thors. Það er mála sannast, að hann var frábær ræðumaður, hvar sem hann bar niður. Víðkunn voru svör hans, beinskeytt og fyndin, sem hann lét fljúga ef gripið var fram í fyrir honum.

Fyndni Ólafs og gamanyrði höfðu þau áhrif á mig í æsku að ég hélt að hann væri fyrst og fremst stór í sniðum og gæfi tæpast gaum að smáatriðum. En sú skoðun breyttist þegar ég varð starfsmaður hans. Hann var nefnilega einstaklega gjörhugull og nákvæmur um öll störf sín — og krafðist hins sama af starfsmönnum. Hann var t.d. afar glöggur á tölur og eldfljótur að reikna. Ég varð eitt sinn vitni að því að fyrir hann voru lögð drög að fjárlagatillögum fyrir ráðuneyti hans. Hann fór hratt yfir dálkana og rak augun umsvifalaust í smávillu, sem orðið hafði í samlagningu. Ýtti skjalinu frá sér og sagði: „Það skiptir ekki máli hvort villan er smá eða stór. Þetta á bara að vera rétt.“

Ólafur gengur lífsbraut sína á þeim tímum, þegar átökin í Þjóðfélaginu fara fram með ræðum og rökum eingöngu, en ekki vopnum söguhetja. Hann sigraði andstæðingana því með orðsnilld og leiftrandi rökræðum, en ekki höggvopnum eða spjótalögum. Hann beitti pennanum engu síður en hinar fornu söguhetjur okkar sverðinu. Það er auðvitað alkunna, að þær orrahríðir, sem Ólafur háði um dagana voru bæði margar, magnaðar og örlagaþrungnar. Og hann hafði oftast sigur. En hann hrósaði sér hinsvegar aldrei af sigrunum.

Honum var fyrir öllu að menn tryðu því, sem hann sagði um átakamálin og skildu og virtu markmið hans. Hann var sjálfur lífið og sálin í allri stefnumótun eftir að hann tók við forystu í flokki sínum og lagði til mestan kraftinn í baráttuna. Þá kom fram að hann var úrræðagóður, skjóttur til ákvarðana og síðan fylgdi hann verkum eftir af kappsemi og heilindum. Án þeirra yrði forystan hvorki óumdeild né gæfurík.

Og hér skal þá vikið að þeim þætti skapgerðar Ólafs Thors, sem samtímamenn hans mátu einna mest. En það var drengskapurinn í fari hans. Ef ég ætti að lýsa Ólafi Thors í einni setningu, þá væri hún: Hann var sannur drengskapurarmaður. Það sést m.a. af því að andstæðingar hans gátu aldrei borið á hann nokkurn hlut, sem ekki sómdi heiðarlegum og drenglyndum manni.

Drengskapur Ólafs kom fram í mörgu. Hann þoldi mönnum t.d. ekki illt umtal um andstæðinga né aðra. Einhverju sinni viðhafði flokksmaður hans



Pétur Magnússon á fertugsaldri.

þau ummæli um kunnan mann að hann væri bæði heimskur og illa upplýstur. Ólafur brást hart við og afbað slíkt tal. Hann skaut því að manningum að menn skömmtuðu sér ekki gáfurnar sjálfir — nema að litlu leyti — það gerði annar æðri. „En hitt,“ sagði Ólafur, „er svo annað mál að margir mættu fara betur með það sem þeim var þó gefið.“ Þetta varð ekki misskilið.

Ólafur kunni vel heilræði Hávamála: Glæður og reifur skyli gumna hver — og hafði oftast góðlegt og glæðlegt viðmót. Andlitsfallið var djarflegt og lýsti festu og gáfum. Hann var þó mikill alvörumaður, eins og títt er um djúpvitra menn.

Og víst var hann hómoristi af Guðs náð þegar hann vildi við hafa og var myndni hans rætnislaus þótt skotin hittu einatt fast í mark.

IV

Pólitíkin er áleitin. Pétur lenti ungur í þeim straumi. Um það segir Ólafur Thors: „Á Íslandi geta slíkir hæfileikar [sem Péturs] ekki leynst fyrir augum stjórnmalaleiðtoganna. Pétur varð því snemma fyrir ásókn þeirra um virka þátttöku í stjórnmalabaráttunni. En hann var hlédrægur og friðsæll maður. Því var það, að enda þótt hann hefði ákveðnar skoðanir í landsmálum, færðist hann lengi undan framboði til Alþingis. En fyrir þrábeiðni fóru þó leikar að lokum þannig, að Pétur Magnússon steig inn fyrir þröskuld Alþingis. Þegar þangað kom skipuðu gáfur hans og skapferli, stilling og festa, höfðingleg ásýnd, virðuleg framkoma og mannkostir allir honum í fararbrodd. Og þar stóð hann fram á síðustu stund við mikinn orðstír, óvenjulegar vinsældir og sívaxandi traust.“ (*Mbl.* 14.7.1948.)

Þarna talar formaður Sjálfstæðisflokksins um samherja sinn. Pétur hafði sig ekki mikið í frammi á þingi. Og ekki voru heldur málalengingar á fundum þingflokksins eða miðstjórnarinnar. „En þeim mun meiri athygli var öllu veitt, sem hann lagði til mála. Þótti aldrei neinu ráði ráðið nema áður væri leitað hans umsagnar og munu flestir samherjar hans hafa hikað við að ganga gegn tillögum hans,“ segir Ólafur Thors ennfremur.

„Pétur var fastur fyrir og fylgdi þétt á eftir ef hann lagði til mála, þótt ekki væru stóryrðin. Er saga hans sem þingmanns og ráðherra í merkustu röð og eru þó störf hans í flokksforystunni merkust og öllum kunnugum ógleymanlegust þótt fæst verði það nokkru sinni skráð. En því betur geymist það í

hugum allra er með honum unnu, sem einn fegursti drátturinn í heiðskírri mynd þessa göfuga manns.“

Þannig komst Ólafur að orði. Pétur var lengi varaformaður Sjálfstæðisflokksins og kosinn í það starf á landsfundum af afar háum hundradshluta fundarmanna.

Vissulega voru þeir Pétur og Ólafur vinir og samherjar. En Pétur var þó enginn fylgihnöttur Ólafs. Hann var einskis manns jábróðir. Hann sagði skoðun sína alltaf hreinskilnislega, hver sem í hlut átti. Hann var ekki síður veitandi en þiggjandi á samleið þeirra Ólafs. Ólafur var auðvitað miklu meira áberandi bardagamaður, en var þá lengst af ekki óstuddur.

„Veistu hvað nafnið Pétur þýðir?“ sagði séra Erlendur eitt sinn við mig.

„Já,“ sagði ég, „það þýðir klettur.“

„Rétt er það, en það er nú svona, að pabbi þinn heitir ekki bara þessu nafni — heldur er hann það líka.“

V

Jónas Hallgrímsson orti eitt fegursta kvæði sitt um vin sinn, séra Þorstein Helgason í Reykholti, en hann var langafi Péturs Magnússonar. Í kvæðinu eru þessar hendingar m.a.:

Veit þá engi, að eyjan hvíta
á sér enn vor ef fólkið þorir
guði að treysta, hlekki hrista,
hlýða réttu, góðs að bíða?

Pétur dáði þetta kvæði að sjálfsgöðu og hefur án efa viljað hrista þá hlekki, sem héldu að nokkru niðri sjálfstæði þjóðarinnar. Það eru hlekkirnir um frelsið, sem skáldið vonar að fólkið þori að hrista — og slíta. Um þetta efni segir Pétur í ræðu 1. desember 1938:

„Við eigum að læra að meta frelsið að verðleikum. Þjóðfrelsið og einstaklingsfrelsið. Við eigum að gera okkur ljóst að frelsið er einn af hyrningarsteinum heilbrigðs þjóðfélags.“

Hér er hann, hálfu sjötta ári fyrir stofnun lýðveldisins, að styðja baráttuna fyrir endurheimt sjálfstæðisins að fullu:



Frá þingsetningu 1931: Pétur Magnússon gengur kirkjutröppurnar. Fremst er Guðrún Lárusdóttir alþingismaður.

„Sambandslagasáttmálinn veitir sjálfur tvímælalausa heimild til þess að segja honum upp og veitir Íslandi þá jafnframt heimild til að taka að fullu í sínar hendur meðferð þeirra mála, sem sambandsþjóð vor fer nú með eftir umboði.“

Hér er stefnt að fullum slitum á sambandinu við Dani og stofnun lýðveldis á Íslandi. Gamall málsháttur segir: „Sjálfur leið þú sjálfan þig.“ Það er þroska-vænlegt að sjá sér sjálfur markmið og leiðir. Ekki aðeins fyrir einstaklinginn — heldur líka fyrir þjóðina.

Pétur var lesinn og fróður um sögu þjóðarinnar og lögfræðilega réttarstöðu hennar um aldirnar. Hafði hann sem ungur maður og ungmennafélagi fylgst með lokahnykknum í sjálfstæðisbaráttunni við Dani. Það var honum því sjálfgefin afstaða sem stjórnámálan, að síðustu menjar erlendra yfirráða skyldu afmáðar, jafnvel þó þær væru lítið orðnar annað en formsatriði ein.

Stúdentar fögnuðu því myndarlega er 20 ár voru liðin frá því að Ísland var viðurkennt fullvalda. Fengu þeir Pétur Magnússon til þess að flytja hátíðar-ræðu af svölum Alþingishússins 1. desember 1938. (Ræðan er prentuð í *Bláði lýðræðissinnaðra stúdenta* í desember 1938.) Í henni opinberar hann glögglega skoðanir sínar á stjórnámálum landsmanna. Hann segir þar að okkur vanti tilfinnanlega þjóðmálamenningu:

„Í þjóðmálum kunnum við yfirleitt ekki að skilja kjarnann frá hisminu. Ómerkileg smámál eru blásin út og látið eins og öll velferð þjóðarinnar velti á þeim. Og á meðan við eyðum kröftum og fjármunum í að deila um ýmsan hégóma, eru vanrækt þau verkefni, sem mest á ríður. Í stað þess að reyna

að sameina kraftana um úrlausn hinna vandasömustu verkefna, gengur þjóðmála-starfsemin yfirleitt út á það að sundra þeim, vekja tortryggni og hatur. Andstæðingurinn er stimplaður sem óvinur þjóðfélagsins og tónninn í hinum opinberu umræðum hjá okkur er yfirleitt langt neðan við það, sem sæmilegt má teljast.

Þessum barnabrekum verðum við að venja okkur af. Við verðum að ala okkur sjálf upp ef við viljum halda réttinum til að vera sjálfstæð þjóð. Við komumst aldrei fram hjá því að skoðanir verði skiptar um flest málefni. En við getum lært að virða skoðanir andstæðingsins og við getum hætt að tala um hann sem ódæðismann fyrir það eitt að hann er á gagnstæðri skoðun.“

Sjálfur lifði hann eftir þessari kenningu. Af þessari stefnu leiddi að hann átti greiðari aðgang að mönnum úr öðrum flokkum og því auðveldara að eiga samvinnu við þá og stéttafélög atvinnuveganna. Þessi afstaða hans jók mjög áhrif hans í því samfélagi, sem bjó oftast við endalausar samsteypustjórnir og samninga, sem bæði tóku mikinn tíma og entust stundum aðeins skamma hríð.

Hér verður efni þessarar ræðu ekki rakið utan fáeinar tilvitnanir, en víst er að hún vakti mikla athygli. En það má þó koma fram hér að Pétur er staðráðinn í því að styðja þá stefnu að Ísland taki öll sín mál í eigin hendur, stofni lýðveldi sem fyrst. Um það voru ekki allir sammála.

Pétur nefnir sem dæmi að sumir menn óttist að meðferð okkar á utanríkis-málum verði okkur ofviða. Um það segir hann: „Það er ef til vill ekki laust við að sumir beri kvíðboga fyrir því að vegna fámennis og fjárskorts verði okkur ofurefli að taka utanríkismálin í eigin hendur. En ég held að sá ótti sé ástæðulaus. Vitanlega verðum við í þeim efnum, sem öðrum, að sníða okkur stakk eftir vexti ... En ef við viljum hljóta virðingu annarra þjóða, verðum við að sýna það í verki að við séum færir um að stýra okkar eigin málefnum, að við séum fullábyrg og ráðdeildarsöm þjóð, sem standi við skuldbindingar sínar og uppfylli skyldur sínar í hvívetna.“

Pétur var, ásamt Bjarna Benediktssyni, helsti ráðunautur miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins og formanns hans um lögfræðilegan og pólitískan undirbúning þess að Íslendingar tækju sjálfir við allri forystu í eigin málum og stofnuðu



Horft til framtíðar. Þessi mynd var tekin í lok landsfundar 1943, þar sem ákveðið var að stofna lýðveldið. Gengið var að Lögbergi. F.v.: Ólafur Thors, Pétur Magnússon, Bjarni Benediktsson.



Sveinn Björnsson stofnaði fyrstu lögmannsstofu Reykjavíkur 1907. Síðar rak hann fyrirtækið með Pétri Magnússyni, sem tók svo við því með öðrum. Sonur hans, Guðmundur, tók við af föður sínum og síðan kom þriðji ættleggurinn, Pétur Guðmundarson, að rekstrinum. Nú hefur stofan sameinast öðrum lögfræðifyrirtækjum og heitir Logos. Þar starfar fjórði ættleggur frá Pétri Magnússyni, Ragnheiður Ólafsdóttir lögfræðingur, dótturdóttir Ásgeirs Péturssonar.

lýðveldi eftir árslok 1943. Sannast sagna er það að lokaákvæðanir um endurreisn lýðveldisins voru í reynd teknar á árunum eftir 1939 og þá ekki síst á sjálfu lýðveldisárinu 1944. Pétur var varaformaður flokksins öll þessi ár. Annar helsti ráðunautur um leiðir í þessu efni, eins og ég sagði, var Bjarni Benediktsson, sem var lagaprófessor á árunum 1932 til 1940, er hann varð borgarstjóri. Áttu þeir mjög gott samstarf. Segir Bjarni um það eins og fyrr er greint: „Vera kann að dómur minn um Pétur Magnússon sjálfan kunní e.t.v. að litast af því hve sammála ég var skoðunum hans.“ Sjálfur lagði Bjarni fram einhver þungstu rökin í sjálfstæðismálinu í ræðu á Þingvöllum 18. júní 1943. Pétur Magnússon var fundarstjóri á þessum landsfundi og voru þeir félagar á einu máli um það, sem Bjarni gerði góð skil í ræðunni, að hafna algerlega öllum úrtölum þeirra, sem fresta vildu lýðveldisstofnuninni til stríðsloka.

Hér er ekki unnt að rekja alla sögu undirbúnings lýðveldisstofnunarinnar. Þess skal þó minnst að raddir voru uppi um að fresta henni. Hefði það verið gert er hugsanlegt að tilraun hefði verið gerð til þess að framlengja sameiginlegan konungdóm Íslands og Danmerkur. Bandaríkjamenn voru um skeið uggandi um það

að lýðveldisstofnun myndi skaða álit þeirra í Danmörku. En Íslendingum tókst að sannfæra þá um ótvíræðan lagalegan og siðferðilegan rétt sinn og varð það til þess að þeir kváðust ekkert hafa gegn því að Ísland yrði lýðveldi 1944.

VI

En þótt þeir þremmenningarnir, Bjarni, Ólafur og Pétur, sem voru í forustu fyrir Sjálfstæðisflokknum, er lýðveldið var stofnað, væru algerlega einhuga um baráttuna fyrir fullu sjálfstæði þjóðarinnar, urðu þeir ekki á einu máli um



Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins að loknum landsfundi á Þingvöllum 1943. F.v.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Kristjánsson, Jakob Möller, Ólafur Thors, Pétur Magnússon, Valtýr Stefánsson, Bjarni Benediktsson.

Það hver ætti að verða fyrsti forseti lýðveldisins. Á Þingvallafundi Alþingis 17. júní 1944, kaus Pétur Sveinn Björnsson, Ólafur kaus Jón Sigurðsson og Bjarni skilaði auðu.

Ég býst við að Pétur hafi litið svo á, að Sveinn Björnsson væri einfaldlega sá maðurinn í hópi íslenskra áhrifamanna, sem best kynni þau vinnubrögð, sem sá þurfti að þekkja, sem verða átti forseti á Íslandi. Hinsvegar tel ég að Pétur hafi gert sér ljóst að embættismennska lét Sveini betur en pólitík og sú aðgerð hans, að skipa utanþingsstjórnina árið 1942, var bæði fræðilega séð og pólitískt hæpin.

En hvað kom til að Pétur var svo ákveðinn og einbeittur í því að Sveinn yrði kosinn forseti á Þingvöllum 17. júní 1944? Svarið hygg ég að felist í þeirri skoðun, að Sveinn væri einnig líklegastur til þess að um hann næðist viðunandi meirihluti á Alþingi. Það hefði verið ógæfuleg byrjun hins nýstofnada lýðveldis, ef atkvæði á Alþingi dreifðust á mörg forsetaefni — og sá sem flest atkvæði fengi, væri kjörinn með smáum minnihluta. Með því hefði Íslendingum verið misboðið og verið talið ábyrgðarleysi og vanvirða.

Bjarni Benediktsson segir í Andvaragrein sinni um Ólaf Thors: „Pétur Magnússon beitti sér hins vegar eindregið fyrir kosningu Sveins og tryggði honum atkvæði svo margra Sjálfstæðismanna að nægði til viðbótar fylgi hans í Alþýðuflokki og Framsókn.“ Og í bréfi til Hendriks Sv. Björnssonar frá 19. janúar 1965 orðar Bjarni afstöðu Péturs til forsetakjörsins svo: „Það var einungis fyrir harðfylgi Péturs Magnússonar, sem ég hef aldrei vitað beita sér

eins, sem tókst að afla honum [Sveini] nægs fylgis. Ég var einn þeirra, sem sat hjá ... en Ólafur Thors greiddi Jóni Sigurðssyni atkvæði, sem vitanlega var hreint neyðarúrræði.“

Mér sýnist augljóst að Pétur var að reyna að koma í veg fyrir alvarleg mistök með hörku sinni í þessum átökum.

Auðvitað var mikið um þetta rætt eftir fund Alþingis á Þingvöllum og þótti mörgum illt að sjá að þingmenn gætu ekki náð saman í þessu máli og sýnt samstöðu um þennan þátt upphafsins að göngunni inn í lýðveldið og framtíð alfrjálsrar þjóðar.

Einn var sá maður, sem fylgdist afar vel með undirbúningi lýðveldisstofunarinnar sem og öðrum stjórnámálum hérlendis. Það var Þóroddur Jónasson læknir á Akureyri, sem komst svo að orði um þennan atburð í *Morgunblaðinu* 10. janúar 1988:

„Alþingi kaus forseta í fyrsta og eina sinn, til eins árs, á Þingvöllum 17. júní 1944. Eftir fjálglegar áskoranir ráðamanna um að standa nú vel saman við atkvæðagreiðslu um slit ríkjasambands við Dani og stofnun lýðveldis á Íslandi urðu kjósendur lítið hrifnir af samstöðu alþingismanna við kosningu forseta.

Forseti sá, sem kosinn var, fékk að vísu 60% atkvæða en 40% alþingismanna skiluðu auðum seðli eða köstuðu atkvæði sínu á glæ með öðrum hætti. Það eru til margar heimildir fyrir því, að Pétur [Magnússon] hafði forgöngu um þá samstöðu, sem þó varð þarna, þrátt fyrir að bæði formaður og tilvonandi formaður flokks hans voru honum mótsnúnir. Og þar með bjargaði hann því, sem bjargað varð af virðingu Alþingis í augum kjósenda, í rigningunni á Þingvöllum 17. júní 1944.“

En þótt þrír forystumenn Sjálfstæðisflokksins stæðu ólíkt að forsetakjörinu, þá skaðaði það alls ekki vináttu og samstöðu þessara þriggja manna. Hún fór vaxandi.

Mörgum árum seinna var það að þeir hittust, Pétur bróðir minn og Ólafur Thors. Pétur fór til hans að þakka honum fyrir stuðning við nám hans erlendis. Talið barst að Pétri Magnússyni og sagði Ólafur þá

„Það féll aldrei skuggi á samstarf okkar þabba þíns. Vináttu okkar entist meðan báðir lifðu.“

En svo kom upp í honum húmorinn:

„Jú annars, það er eitt sem ég gat aldrei fyrirgefið Pétri. Hann hélt nefnilega að Richard bróðir væri gáfaðri en ég!“

VII

Í framhaldi af frásögn hér að framan um Svein Björnsson, má víkja að þeim ágreiningi sem nýlega hefur staðið um hversu víðtækt vald forseta Íslands sé — eða ætti að vera. Ljóst er að stefna Sjálfstæðisflokksins í því efni hefur verið óbreytt frá upphafi fimmta áratugarins. Það er að forsetinn ætti ekki að fara með beint pólitískt vald, gæti samkvæmt því ekki hafnað staðfestingu laga sem Alþingi hafði sett. Ég heyrði þá Ólaf og Pétur ræða þetta efni sumarið 1943 og voru þeir alveg sammála um það og tengsl þess við grundvallarreglur þingræðisins.


Ég fann nýlega í skjölum föður míns minnisblað frá Sveini Björnssyni, frá því í september 1946. Það er merkt: „Algert trúnaðarmál.“ Ég rýf þó engan trúnað með því að birta það, því efnið var í reynd opinberað þegar Sveinn forseti lagði það fram á ríkisráðsfundi.

Það verður að teljast líklegt að Sveinn hafi þá um skeið verið sannfærður um að nýsköpunarstjórnin myndi brátt springa vegna þess ágreinings sem í uppsiglingu var í ríkisstjórninni um varnarmál og samningsins um Keflavíkurflugvöll við Bandaríkin. Hann hafi því viljað tjá sig um hlutverk forseta Íslands, áður en þreifingar um nýja ríkisstjórn hæfust.

Það virðist vera að Sveinn Björnsson geri nú minni kröfur um vald forsetanum til handa en hann hafði áður gert. Þessi afstaða Sveins hefur haft raunhæft og reyndar sögulegt gildi, sem sést á því að Vigdís Finnbogadóttir virðist styðjast við kenningar Sveins Björnssonar er hún hafnaði áskorunum um að staðfesta ekki lögin um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Í minnisblaði Sveins Björnssonar segir orðrétt:

Gildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem sett var af Alþingi og staðfest af yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar með þjóðaratkvæði, hefir að geyma ákvæðin um skipulagningu æðsta valds ríkisins, — sem í lýðræðislöndum á að vera í höndum þjóðarinnar sjálfar, — svo það njóti sín sem bezt í raun og framkvæmd. Stjórnarskráin felur meðal annars í sér ákvæði um vald



Minnisblað Sveins Björnssonar sem hann sendi Pétri Magnússyni.

forseta lýðveldisins og vald Alþingis. Með stjórnarskránni frá árinu 1944 var vald forseta lýðveldisins gert nokkru minna en áður var vald konungs.

Af þessu leiðir að líkur fyrir því að forseti lýðveldisins geti haft áhrif á ákvarðanir Alþingis eru enn minni en áður var um konung, þótt áður væri þetta mjög takmörkum bundið. Hann getur nú, svo sem konungur fyrr, aðeins lagt fyrir Alþingi þær tillögur, sem eru í samræmi við vilja þess löglega ráðuneytis, sem situr á hverjum tíma og aðeins veitt þeim samþykktum Alþingis gildi, sem löglegt ráðuneyti, eða einstakir ráðherrar þess, taka ábyrgð á.

Með hliðsjón af þessu má draga í efa hvort forseti lýðveldisins hefir stjórnskipulegan eða annan rétt til þess að reyna að beita áhrifum við Alþingi um mál, sem eru til meðferðar þingsins. Þótt komið geti fyrir að forseti telji sér skylt að gera slíkt, tel ég ekki rétt að gera það nú, í þessu máli, með sérstöku tilliti til þeirrar gætni, er sýna ber um fordæmi meðan venjur hins nýstofnaða lýðveldis eru að mótast, á grundvelli gildandi stjórnarskrár óbreyttrar.

Þessa afstöðu mína óska ég að tjá ráðuneytinu á ríkisráðsfundi.

VIII

Sannleikurinn er sá að Pétur Magnússon hefur gleymst einkennilega mikið á þeirri rúmri hálfu öld, sem liðin er frá láti hans. Yngri menn og konur, jafnvel úr sama flokki og Pétur fylgdi, vita lítið um hann, líf hans og starf. Vissulega vakti hógvær, óþrotleg vinna Péturs við atvinnumál og stjórnsmál að tjaldabaki á sinni tíð mun minni eftirtekt en verðugt hefði verið.

Hér má minnast orða Ólafs Thors: „Og eru þó störf hans í flokksforystunni merkust og öllum kunnugum ógleymanlegust þótt fæst verði það nokkru sinni skráð.“ Já, það eru fáir eftir af þessum „kunnugu“ mönnum.

Vera kann að valdabarátta í Sjálfstæðisflokknum hafi átt þátt í þögninni um Pétur eftir lát hans. Menn hafa ef til vill eignað sér verk hans eða eignað öðrum hugmyndir, sem hann var höfundur að. Stjórnsmálasaga Íslands þau ár, sem Pétur var í fararbroddi er enn að mestu óskrifuð. Birtst hafa gloppóttar ævisögur einstakra stjórnsmálamanna.

Engin slík saga er til um Pétur — enda hefði hann tæpast óskað sér hennar. Hann stóð ekki í illdeilum, hvorki í blöðum né með ræðuhöldum,

svo að sögur sem oft skapast á þann hátt, eru tæpast til um hann. Slíkt var honum ekki að skapi. En svo er eitt enn, sem kann að eiga þátt í því hve lítið er eftir honum munað. Það er sú staðreynd að hann var gjörsamlega laus við eigingirni. Þegar verkum var lokið, þurfti ekkert að hælást um af þeim.

Verkin skiptu öllu máli — en ekki hitt hverjir að þeim stóðu. Hér eru einmitt athyglisverð ummæli Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands, sem ekki var í flokki með Pétri:

„Hann var sjálfum sér líkur alla ævi, engir sveipir né hávaðar, eins og vatnsmikið fljót, sem fellur með þungum niði til sjávar ... Pétri var margt gefið, sem best er í arfleifið Íslendinga, festa bóndans, réttisýni lögmannsins og góðvild og hjálpfýsi kristinnar trúar ... Það leyndi sér ekki að honum var ekki annar áróður gefinn en fortölur ... fortölur eru fjöregg lýðræðisskipulagsins ... Pétur átti mikið og gott samstarf við forustumenn af öllum stéttum og naut sömu virðingar og vinsælda á Alþingi og annars staðar.“

Ásgeir lýkur umsoðn sinni um Pétur með því að segja að hann hafi ekki hrósað sigri, — ekki svo að skilja að hann hafi ekki oft sigrað, — hann ofmetnaðist bara aldrei af úrslitunum.

Líkar skoðanir koma fram hjá Bjarna Benediktssyni: „Í hógværum rökræðum bar Pétur Magnússon af öðrum. Á hinn bóginn var hann frábitinn öllum áróðri. Honum var nóg að gera rétt og færa rétt rök fyrir gerðum sínum.“

Ég sagði hér að framan að áhugaverðast væri að reyna að láta föður minn, persónu hans koma fram í þessum hugleiðingum. Hver var þessi maður? Enginn samferðamanna hans þekkti hann betur en Ólafur Thors, æskuvinnur og fóstbróðir hans allt lífið. Ég vík hér að ummælum Ólafs, sem tengjast því, sem um var rætt hér að ofan:

„Áður en Pétur Magnússon náði fertugsaldri var hann orðinn landskunnur maður og naut þá þegar mikils og vaxandi trausts og álits. Í Hæstarétti hafði hann getið sér einstakan orðstír fyrir skarpan lögfræðilegan skilning. Komu þar fljótt í ljós öll helstu einkenni þessa ágæta manns, sanngirni, réttisýni og góðvild. Glöggur skilningur á menn og málefni, óvenjuleg framsetningargáfa og djúpstæðir vitsmunir mótuðu sókn hans og vörn.“

En þótt samtíðarmenn Péturs hafi verið á einu máli um hófsamlega og hæversklega framkomu hans í umræðum um stjórnsmál, má þó ekki leggja það út af þeim orðum að Pétur hafi ekki getað orðið harðskeyttur ef ósannindum eða rangsleitni var beitt í átakamálum. Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands segir í fyrrnefndri grein m.a.:

„Mun almenningi sérstaklega kunnar útvarpsræður hans, sem báru vott glöggskyggni, víðsýni og þjóðhollustu.“

Og foringi sósíalista, Einar Olgeirsson, kemst m.a. þannig að orði í *Þjóðviljanum* 14. júlí 1948:

„Pétur Magnússon var dugandi fulltrúi síns flokks og sinnar stefnu. Fylginn sér og fastur fyrir. Oft deildum við sósíalistar við hann og á hann, bæði í samstarfi um ríkisstjórn, og utan þess. En Pétur Magnússon var þeim kostum búinn, að virðingin fyrir manningnum sjálfum hlaut að setja sitt mark á öll átök við hann, gera þau að deilu um málefni og stefnu með fullu mati á gildi og kostum andstæðingsins. Það eru menn eins og Pétur Magnússon, sem gera það að verkum að menn geta verið andstæðingar en ekki fjendur — jafnvel vinir — og hver nauðsyn er ekki stjórnáttum okkar litlu þjóðar á slíkum mönnum.

Það var því Pétur Magnússon, sem þótti sjálfkjörinn til þess úr sínum flokki, þegar hörðust urðu átökin milli stéttanna 1942 og næstu ár á eftir, að verða mannasættir — og hve vel tókst ekki það verk. Sá maður sór sig þá í ætt við þá, sem fyrr á öldum báru klæði á vopnin, þegar við lá að lítið en stórmerkilegt þjóðfélag ætlaði að liðast sundur fyrir ofsa andstæðnanna. Það er þjóðinni gott að geyma minninguna vel um slíka menn.“

Hér að framan hafa þá bæði samherjar og andstæðingar veitt okkur nokkurt svar við spurningunni, sem ég setti fram í upphafi þessa kafla. Þeir hafa skýrt nokkuð hver störf Péturs Magnússonar voru og hvernig samstarf við hann var, — hver hann var.

Mörgum árum síðar, 4. október 1989, er Pétur enn í huga Einars Olgeirssonar. Var það í minningargrein um Eggert Þorbjarnarson, einn þeirra er stóð að hinu svonefnda „Dreifibréfsmáli“.

Verkamannafélagið Dagsbrún fór í verkfall, sem m.a. bitnaði á setuliði Breta, sem gerði ráðstafanir til þess að stöðva verkfallið. Þá skrifuðu nokkrir forystumenn verkfallsins bréf þar sem þeir hvöttu hermenn til þess að láta ekki nota sig til þess að brjóta niður verkfall verkamanna. Fyrir það voru þeir dæmdir til refsinga.

Þetta fór í Hæstarétt og var Pétur Magnússon skipaður verjandi tveggja sakborninga. Segir Einar að Pétur hafi flutt þar forkunnargóða ræðu og leyft sér að birta hana í *Þjóðviljanum*. Vitaskuld hefur Pétur haft í heiðri þá skyldu verjenda að gera allt sem unnt er til þess að koma skjólstæðingi til hjálpar. Þetta var lögmannsstarf — en engin pólitík, eins og Bretar virðast hafa haldið. Nafn hans var á lista um menn, sem taldir voru óvinsamlegir Bretum. Það plagg fannst eftir stríðið. Pétur studdi alltaf baráttu Breta gegn ofbeldi fasista. Ég minnst þess líka að eftir að Þjóðviljinn hældi og hampaði ræðu Péturs skopaðist *Spegillinn* að kommu vegna þessa og skaut fram þessu vísbroti:



Nýsköpunarstjórnin (1944–1947). F.v.: Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Ólafur Thors, Sveinn Björnsson (forseti Íslands), Pétur Magnússon, Áki Jakobsson og Brynjólfur Bjarnason.

Er nú komma eina von
orðin Pétur Magnússon.

En það var nú bara grín. Pétur blandaði ekki saman lögmannsstarfi sínu sem verjandi manna og pólitískum stefnumálum sínum. Festu hans raskaði enginn. Í rauninni er hæpið að tala um „hægri menn“ þeirra tíma á svipuðum nótum og nú er gert. Pétur og Ólafur voru báðir það skarpir menn að þeir skildu vel að ríki, sem er í svipaðri aðstöðu og íslenska ríkið var um alla þeirra daga, verður að taka að sér mörg hlutverk, sem sinna þarf, einfaldlega af því að enginn annar hafði bolmagn til þess. Hvorugum datt í hug að sníða stakkinn eftir vexti — sem ekki var til.

Þótt menn leggi oft áherslu á friðsemd og gætni Péturs þegar unnið var að lausn alvarlegra deilumála í þjóðfélaginu, er óhætt að fullyrða að hann var ófús að fallast á „meðalveg,“ sem honum fannst ekki sanngjarn eða réttur. Ég hygg að oft hafi árangur hans ráðist fyrir lagni hans við að finna nýjar leiðir og þá alveg sérstaklega hafi hinn rólegi sannfæringarkraftur hans og persónuleiki rutt brautina til samkomulags.

Þess má minnst að oft var til Péturs leitað að taka þátt í að leysa úr kjara-deilum, sem höfðu risið með atvinnurekendum og verkalyðsfélögum. Var hann skipaður níu sinnum í sáttanefndir á árunum 1940–1948 og er athygli-

vert að með honum í þessum nefndum störfuðu oft þeir Emil Jónsson og Brynjólfur Bjarnason, sem báðir voru forystumenn í vinstri flokkunum. Þeir tóku þátt í lausn vinnudeilu 1944 en einmitt þá um haustið var nýsköpunarstjórnin mynduð. Tóku þessir þrír menn allir sæti í henni. Stjórnarflokkarnir töldu að forsendur fyrir árangri við nýsköpun atvinnuveganna væri vinnufriður í landinu. Er enginn vafi á því að stefna Péturs í leiðum til lausnar vinnudeilna átti drjúgan þátt í því samstarfi, enda naut hann trausts beggja aðila vinnumarkaðarins.

Hann var góður taflmaður og hélt vel á spilunum — enda Íslandsmeistari í bridge! Mannþekking hans var góð og hann sá auðveldlega við ósannindum og refsák. Slíkt þýddi engum að reyna við hann.

IX

Ólafur Thors myndaði nýsköpunarstjórnina haustið 1944 með kómmum og krötum, eftir að gefist var upp á því að koma á samstjórn með Framsókn. Það var að sjálfsögðu nauðsynlegt að koma á ríkisstjórn þingflokka því utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar var ekki þingræðisstjórn og í reynd áhrifalaus. Tilurð þeirrar stjórnar var sennilega studd baktjaldamakki stjórn málaafla, til þess ætluð að hindra að Sjálfstæðisflokkurinn hefði forystu um stofnun lýðveldisins.

Stefna nýsköpunarstjórnarinnar var stórefling atvinnuveganna. Endurnýjun fiskveiðiflotans og farskipaflotans. Smíði nýrra síldarverksmiðja og efling iðnaðar. Landbúnaðinn átti að byggja upp með ræktun, húsasmíðum og kaupum á nýtísku landbúnaðarvélum. Og margskonar önnur nýsköpun í atvinnulífinu. Þannig átti að ráðstafa stríðsgróðanum.

Í fyrrgreindri grein Bjarna Benediktssonar um Pétur Magnússon segir hann m.a.: „Árið 1944 bauð Ólafur Thors honum að verða forsætisráðherra í ríkisstjórn þeirri, sem Sjálfstæðisflokkurinn myndaði þá. Pétur Magnússon neitaði þessu með öllu enda var hann sammála öðrum Sjálfstæðismönnum um að innan flokksins og af hans hálfu, kæmi Ólafur Thors einn til greina um forystu á meðan hans nyti við ... Fjármálaráðherraembættið tók Pétur Magnússon að sér, tilknúinn af einhuga ósk flokksbræðra sinna — og óskuðu allir þess að hann héldi því áfram eftir stjórnarskiptin 1947. Til þess var hann með öllu ófánlegur.“

Ég hygg að Pétur hafi þá ekki viljað setjast í ríkisstjórn með öðrum en Ólafi Thors. Fór þar saman traust hans á forustu Ólafs og efasemdir um árangur af stefnu þeirrar samsteypustjórnar, sem tók við árla vetrar 1947. Hitt þykist ég vita, að þegar stjórnin var mynduð 1944, varð hægara að semja við vinstri flokkana er þeir fengu vissu fyrir því að Pétur yrði í ríkistjórninni með áhrifamikil ráðherraembætti. Því olli það traust, sem til hans var borið. Sjálfur átti hann svo drjúgan þátt í því að koma stjórninni saman.

Framsókn tók þátt í umræðum um stefnumál þessarar væntanlegu stjórnar en hvarf frá þátttöku um framkvæmd þeirra. Hugðust framsóknarmenn leika sjálfstæðismenn úr keppninni með leikfléttu, sem gekk þó ekki upp. Þeir héldu að vinstri flokkarnir myndu aldrei ganga til samvinnu við sjálfstæðismenn, — sem þá yrðu fyrir álitshnekki, en hann var stærsti flokkurinn á Alþingi eftir kosningarnar 1942.

En þeir spiluðu þetta illa. Stjórnin var mynduð og segir Pétur Magnússon m.a. í ræðu við 3. umr. fjárlaga á Alþingi í mars 1948: „Það orkar einskis tvímælis að þjóðin stóð mjög einhuga að þeirri tilraun, sem hófst við stjórnarmyndunina haustið 1944, til að reisa úr rústum og endurskapa atvinnulíf landsins. Þjóðin var ennþá minnug þess ástands, sem ríkti hér á árunum 1934–1939 og hún mátti ekki til þess hugsa að það endurtæki sig. Hún krafðist nýrra tækja, hún krafðist vinnu handa öllum, sem unnið gætu.“

Í nýsköpunarstjórninni fór Pétur með stjórn fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Bein afskipti af framkvæmd nýsköpunarstefunnar voru ekki síst á sviði landbúnaðarins þar sem hann fór með mál hans í ríkisstjórninni. Þeim var hann vel kunnugur, bæði frá upp-vaxtarárum og frá störfum fyrir Búnaðarbankann, Kreppulánasjóð og marga aðra þætti atvinnuvegarins. Stjórn hans á fjármálum gaf honum svo færi á að hafa auga með öllum fjárfestingum og framkvæmdum ríkisstjórnarinnar.

Mikil áhersla var lögð á nýsköpun framleiðsluhátta og má segja að ný tækni og vélakostur hafi í raun valdið byltingu í búhátum og gert kleift að stórauka afköst og arðsemi búanna. Innflutningur dráttarvéla og annarra tækninýjunga, sem bæði léttu störfin og juku afköstin varð brátt mikill. Framkvæmdir á þessu sviði voru styrktar af ríkissjóði.

Sett var löggjöf um jarðrækt og húsagerð í sveitum, með tilliti til nýrra aðstæðna. Þau stefndu að því að efla samtök um framræslu, nýrækt og húsagerð. Fól Pétur sérfróðum mönnum að semja drög að þessum lögum á grundvelli þeirrar stefnu, sem hann skýrði fyrir þeim. Sjálfur lagði hann svo síðustu hönd á verkið áður en frumvörp voru lögð fram á Alþingi. Áfram voru í lögum ákvæði, sem miðuðu að því að styðja bændur til byggingar vandaðra,

hagkvæmra íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsla fyrir hey, með framlögum af almannafé.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins studdu ekki nýsköpunarstjórn Ólafs Thors vegna aðildar sósíalista að henni. Meðal þeirra voru þingmenn úr sveitakjördæmum. Þetta olli Pétri vissulega nokkrum erfiðleikum, a.m.k. í upphafi ferils stjórnarinnar. Tengslin við stétt bænda urðu því erfiðari um skeið. Pétur haggðist ekki á stefnu sinni um nýsköpun landbúnaðarins og kom umbótum fram, sem umræddir þingmenn viðurkenndu. Fyrstur þeirra, sem snerist á sveif með Pétri í þessum efnunum var Ingólfur Jónsson á Hellu. En sá bóndinn í þingliði sjálfstæðismanna, sem alla tíð studdi stefnu Péturs harðast, var Jón Pálmason á Akri. Það verður svo að hafa í huga að það gerði Pétri léttara að fylgja fram stefnu sinni, að hann fór jafnframt með stjórn tveggja áhrifaríkustu ráðuneytanna, þ.e. fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis.

Því má svo ekki gleyma að bændur voru búnir að sjá hin nýju og bylt-ingarkenndu tæki svo sem jarðýtur og skurðgröfur o.fl. hjá ameríska hernum og voru fljótir að átta sig á gildi þeirra. Þær hefðu komið til þeirra, — eins og til vegagerðarinnar, hvað svo sem hver sagði. Hlutur Péturs var að greiða fyrir því sem landbúnaðarráðherra að vélar og tæki kæmust hið bráðasta í hendur bænda og samtaka þeirra, þar kom sér vel forysta hans í viðskipta- og fjármálum landsins.

Eins og fyrri daginn lagði hann höfuðáherslu á að koma málunum áfram. Að samþykki Alþingis fengnu sneri hann sér að öðrum málefnum og lét eiga sig að hafa viðtöl við blöð og útvarp um efnið. Ég hygg að ekki sé ofmælt að segja um forystu Péturs í þessum efnunum, að við njótum enn í dag ávaxtanna af þessum þjóðnýtu framförum. Orfið og hrífan voru að víkja fyrir stórvirkum vélum og bændafólk flest flutt úr torfbæjum í þægilegri íbúðarhúsi. Uppspera fór vaxandi og afurðir batnandi.

Páverandi stjórnarandstaða var ákaflega hjáróma. Var jöfnum höndum deilt á stjórnina fyrir það að of geyst væri farið og hitt að of lítið væri að gert. Þeir sem helst gagnrýndu nýsköpunarstjórnina voru þó í reynd ekki aðallega foringjar Framsóknar á þingi, heldur ýmsir skrifinnar *Timans*, sem sýnilega hafa fremur haft áróður í huga en að þeir kynntu sér raunveruleg störf og stefnu nýsköpunarinnar. Ólafur Thors svarar þessum ómaklegu árásum skýrt og skorinort í ræðu þeirri, sem hann flutti á Landsfundi Sjálfstæðismanna í júní 1948.

Hér er ekki unnt að rekja þetta mál að ráði. Það bíður síns tíma. En af þeirri könnun sem ég hef gert — og af eigin minni og viðræðum við þá sem að þessari stjórn stóðu, er mér ljóst að ekki hefur verið gerð hér stærri áætlun um endurnýjun atvinnutækja og atvinnuvega landsmanna né staðið dyggilegar og

rækilegar við gerðar áætlanir. T.d. bættust 30 nýir togarar í flota okkar og má nærri geta hvaða þýðingu það eitt hafði fyrir fiskveiðipjóð. Baráttan fyrir því að almenningur gæti lifað við betri hag og aukna menntun bar heillaríkan ávöxt.

Fljótlega eftir lok styrjaldarinnar á árinu 1945, hófu þeir Ólafur og Pétur að ræða framtíðarstefnu í öryggis- og varnarmálum okkar, eins og ég hef lýst í öðrum kafla. Voru þeir sammála um að þau mál væri hyggilegast að leysa í samvinnu við vestrænu lýðræðisþjóðirnar, Bandaríkin og Kanada. Tók Bjarni Benediktsson, sem þá var borgarstjóri, fullan þátt í þeim athugunum og viðræðum.

En hitt var líka rætt hvernig vernda mætti fiskimið okkar fyrir ört vaxandi ásókn erlendra aðila. Til þess að ná árangri í þeim efnum voru íslenskir stjórnámálamenn sammála um nauðsyn á útfærslu landhelginnar og friðun fjarða og flóa. En í því efni var mikilvægt að kanna þjóðréttarreglur. Hve stóra fiskveiðilandhelgi gátu þjóðir sem lágu að heimshöfunum tekið sér? Og hvernig yrðu slíkar reglur staðfestar sem alþjóðalög?

Ólafur Thors, sem þá var utanríkisráðherra, ákvað að láta hefja þjóðréttarlega könnun á málavöxtum. Til þess að standa fyrir því verkefni þurfti að finna færan sérfræðing í þjóðarétti. Mann sem bæði bjó yfir víðtækri menntun og hafði hugrekki, lag og festu til þess að sjá raunhæfar leiðir í málefnum og knýja á um framgang þeirra með stjórnvöldum og Alþingi.

Ólafur fól Pétri að leita að slíkum manni í þetta verkefni. Pétur kannaði málið og hringdi svo í Hans G. Andersen og bauð honum til fundar við sig.

Löngu seinna sagði Hans mér frá fundi þeirra og var auðheyrt á honum að hann taldi fundinn hafa markað tímamót á ferli sínum. Hann rifjaði upp orðaskipti þeirra og kvaðst hafa gert grein fyrir sérnámi sínu í þjóðarétti og kynnum sínum af fræðimönnum í því efni erlendis. Síðan fengu þeir sér kaffi og tóku upp léttara tal, ræddu um liðna daga og gengna ættingja þeirra. (Katrín amma Péturs og Kolbeinn Eyjólfsson í Kollafirði, langafi Hans, voru systkin.) „Að lokum sagði Pétur við mig að hann myndi með samþykki mínu leggja til við Ólaf Thors að ég yrði ráðinn þjóðréttarráðunautur utanríkisráðuneytisins.“

Það gerði Ólafur Thors haustið 1946.

Ekki þarf að rekja sögu Hans G. Andersen hér. Hún er flestum kunn. Hann skilaði verki sem jók gæfu lands og lýðs á Íslandi. Ég kynntist honum ungur og gleðst ætíð er minning hans kemur í huga mér. Við áttum saman góðar stundir hér heima og erlendis. Þótti mér vænt um það, er minningarnefnd um Hans afhjúpaði brjóstmynd af honum í Háskóla Íslands, að mér falin stjórn samkomunnar. Þar tóku margir mætir menn til máls. Þar á meðal kunnur amerískur prófessor í þjóðarétti. Hann lauk máli sínu með því að segja að

Hans hefði á sinni tíð verið meðal snjöllustu fræðimanna heims í sérgrein sinni. Allsstaðar virtur fyrir gagnorða og sanngjarna framsetningu skoðana sinna.

Þær ræður, sem vikið er að hér að framan, þ.e. ræða Péturs Magnússonar við 3. umr. fjárlaga í mars 1948 og landsfundarræða Ólafs Thors í júní 1948 og ræða Bjarna Benediktssonar á sama fundi, voru gefnar út í bæklingi sem heitir *Stjórnsmál síðari ára*. (Rvík, september 1948.)

Landsfundarræðu Ólafs Thors hlýddi ég á norður á Akureyri, þar sem fundurinn var haldinn. Hún var rökföst og fróðleg, enda var henni tekið fagnandi af fundarmönnum. Í ræðunni vikur Ólafur að „látlausum árásum Framsóknar, á Pétur Magnússon og mig, árásum, sem Framsókn hafi hert því meir á, sem þeir urðu vonbetri um, vegna langrar þagnar okkar, að hafa einir orðið. Höfum við ekki viljað tefla samstarfinu í hættu með því að taka upp daglegar þrætur og illdeilur við samstarfsflokkinn ... En nú á Landsfundi Sjálfstæðisflokksmanna, tel ég mér skylt að víkja nokkuð að þessu ... sýna að í aðalatriðum fer Framsókn með staðlausa stafi og það alveg vísitandi.“

Ræðan fjallar síðan ítarlega um störf nýsköpunarstjórnarinnar og eru hin fráleitu eða öllu heldur ósönnu eftirmæli Framsóknar rækilega hrakin. Ólafur bendir á mörg dæmi um fjarstæður þær sem eiga að skapa álit fólks á nýsköpuninni. T.d. sögðu framsóknarmenn að áætlanirnar um togarakaupin minntu „á mannvirki sem einu sinni var lýst á þessa leið: Fyrst er spýta, svo er spýta, svo er spýta í kross, svo er spýta upp, svo er spýta niður og svo fer allt í ganginn. Munurinn er bara sá að það er stórkostleg hættu á því að nýju togararnir fari aldrei í ganginn, þrátt fyrir allar nefndirnar.“

Ólafur sýndi mörg dæmi um það að áróður Framsóknar gegn nýsköpuninni var í raun og veru rakalaus — spröttinn af gremju yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn kom þeirri stjórn saman með verkalyðsflokkunum og öfund yfir stórbrotnum verkum þeirrar stjórnar.

Ólafur vék í Landsfundarræðunni að útvarpsræðu Péturs Magnússonar (við 3. umr. fjárl. 1948): „Hann hratt þar í stuttri, hógværrri en afar sterkrökstuddri ræðu öllum firrum Framsóknar um verðbólguna. Sú ræða vakti feykimikla athygli, einnig vegna þess óskoraða álits og trausts, sem [sá] ræðumaður nýtur í öllum flokkum landsins. Var ræðan síðan prentuð í *Morgunblaðinu*.“ (Ræðan var svo sérprentuð í fyrrrgr. bæklingi *Stjórnsmál síðari ára* og dreift um land allt.)

Nýsköpunarstjórnin rofnaði ekki út af ágreiningi um uppbyggingu atvinnulífsins. Þar var samstaða flokkanna. Það var ágreiningur um utanríkismál, sem sprengdi stjórnina. Deilan um rekstur Keflavíkurflugvallar og framtíð varna landsins einkenndist af hlýðni kommúnista við boðin

að austan. Þeir höfðu austrænt vagl á báðum augum. Ísland átti að þeirra dómi að vera varnarlaust og því opið fyrir því að Sovétmenn gætu hremmt það — ef til átaka kæmi í kalda stríðinu.

Ólafur Thors var í fyrstu eftir stjórnarslitin ófús að reyna að endurnýja stjórn sömu flokka. En er nær dró áramótum 1946–1947

hygg ég að hann hafi talið til greina koma að reyna stjórnarmyndun. Forystumenn komma, þ. á m. Brynjólfur Bjarnason, sögðu honum að Sósíalístaflokkurinn myndi ekki fallast á stjórn undir forystu hans. Hófst þá umræða um aðra forystu í slíkri stjórn og lögðu þingmenn úr liði sjálfstæðismanna til að Pétur Magnússon myndaði stjórnina.

Þá hugmynd studdi Ólafur eindregið og taldi sjálfan sig geta verið í þeirri stjórn — en ekki með neinum öðrum. Pétur hafnaði þó hugmyndinni alfarið. Sagði að meðan Ólafur væri formaður flokksins ætti hann að mynda stjórn — og ekki aðrir. Trúlega hefur hann líka talið að ekki væri nokkur grundvöllur fyrir stjórn með komnum vegna afstöðu þeirra til utanríkis- og varnarmála.



Ásgeir og Sigrún með Hans G. Andersen á góðri stundu í París.

X

Í ræðu Bjarna Benediktssonar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1948, sem birt er í bæklingnum *Stjórnsmál síðari ára*, segir hann m.a.: „[J]afnvel þó að samvinna innan núverandi ríkisstjórnar [Stefaníu] hafi verið ágæt milli okkar persónulega, sem þar störfum, hlýtur þó hinn eilífi áróður og fjdanskapur nokkurs hluta Framsóknarflokksins í garð Sjálfstæðismanna að torvelda það samstarf flokkanna, sem nú er þjóðarnauðsyn.“

Ög í bók hans *Þettir úr fjörutíu ára stjórnsmálasögu* (Rvík 1970, bls. 52) segir hann um þá samsteypustjórn Alþýðuflokks, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks,



Sjálfstæðismenn minntust 100 ára afmælis Ólafs Thors m.a. með því að Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, og Ásgeir Pétursson, formaður hátíðarnefndarinnar, lögðu krans að minnisvarða hans í Hólavallakirkjugarði. Fyrir aftan þá má m.a. sjá Ástriði Thorarensen og Mörtu Thors.

sem tók við af nýsköpunarstjórninni:

„Á árunum 1947–1949 var það eitt aðalstarf ríkisstjórnarinnar að hlutast til um skiptingu innflutnings á milli einkafyrirtækja og samvinnufyrirtækja SÍS. Frá því get ég sagt af eigin raun. Hugkvæmni Framsóknarmanna við að finna sér nýjar og nýjar ástæður fyrir aukinni ásælni SÍS var með ólíkindum. Þó fannst þeim sjálfum sér ekki verða nóg ágengt og rufu þess vegna stjórnarsamstarfið sumarið 1949.“

Forystu Sjálfstæðisflokksins var orðið fullljóst í ársbyrjun 1948 að ofangreind stjórnarsamvinna stefndi í hreinar ógöngur. Tók Ólafur Thors þá ákvörðun að undirbúa tilraun til myndunar nýrrar stjórnar sem átti að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í viðunandi lag. Pétur Magnússon hafði um nokkurt skeið talið að leiðrétting gengi krónunnar væri í því efni óhjákvæmileg og verslunarfrelsi og afnám hafta væri höfuðforsenda umbóta. Framangreindar ræður þeirra bera þessu ljósan vott. Sem dæmi nefni ég hér orð þau sem Pétur lét falla í þingræðunni í mars 1948. Þar segir hann m.a.:

„Vér siglum nú hraðbyri inn í „svarta markaðinn“, ekki síður hvað gjaldeyririnn snertir en ýms vörukaup innanlands. Og mjög þykir mér orka tvímælis sú regla, sem nýlega kvað hafa verið tekin upp að einhverju leyti, að veita innflutningsleyfi fyrir vörum, án þess að veita gjaldeyrisleyfi samtímis. Með því er í raun réttir verið að gefa mönnum ávísun á svarta markaðinn — hvetja menn til að versla á honum. Sannleikurinn er sá að það getur aldrei blessast til lengdar að láta verðgildi gjaldeyrisins vera mjög misjafnt eftir því hvort hann er notaður í landinu sjálfu eða erlendis.“

Ekki verður misskilið að fyrir Pétri vakir gengisbreyting og ráðstafanir til frjálsræðishátta í viðskipta- og framkvæmdalífínu. Ólafur Thors lagði að Pétri að búast við því að veita slíkri stjórn forystu, enda mundi reyna mest á þá þætti, sem hann hafði haft á hendi sem fjármála- og viðskiptaráðherra í

fyrri stjórn. Hann féllst á þessa áætlun Ólafs. Heimildir mínar um þetta efni eru líka frá móður minni og Sigrúnu Magnúsdóttur, systur Péturs, en hann greindi þeim frá þessu þegar hann fór til Bandaríkjanna til lækninga vorið 1948. Ég tel líka víst að nokkrum öðrum forystumönnum Sjálfstæðisflokksins hafi verið kunnugt um þetta.

Hve langt þessum undirbúningi var svo komið er Pétur veiktist, veit ég ekki. Hann fór utan rétt fyrir landsfund í júní 1948 og var skorinn upp í Boston við sjúkdómi í nýra. Hann lést af afleiðingum skurðaðgerðarinnar 26. júní 1948, sextugur að aldri.

Ósk Ólafs um að Pétur myndaði fyrirhugaða stjórn, sem leiðrétti gengið og kæmi jafnvægi á efnahagsmálin byggir, að því er hann varðar, m.a. á því að gengisfelling yrði mikil lyftistöng fyrir útgerðina. Ólafur virðist hafa litið svo á að fyrir sig sem Kveldúlfsmann yrði erfitt að fella gengið verulega. Andstæðingar mundu telja það eiginhagsmunaaðgerð til björgunar Kveldúlfi. Pétur hafði engan slíkan vanda við að glíma og það var ekki nýtt að Ólafur vildi að þessi samverkamaður hans veitti ríkisstjórn forystu. Þar á ofan er Pétur einn hvatamannanna um að leiðrétta gengið og leysa upp hafta-pólitíkina, sem í raun ógnaði framförum og viðskiptafrelsi.

Ólafur Thors myndaði minnihlutastjórn Sjálfstæðismanna næsta ár og hún reyndi einmitt að endurbæta efnahagslífið með gengislækkun og aðgerðum til þess að leysa fjöttra af innflutningslífi og athöfnum. Það var byrjunin á því, sem síðar fékk kröftugri meðferð, þ.e. stofnun viðreisnarstjórnarinnar. Ég hygg að sanngjarnt sé að segja, að margar rætur hennar voru í hugmyndum þeirra Ólafs og Péturs á árunum 1947–1948.

XI

Svo var það á landsfundi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri í júní 1948 að Ólafur Thors fékk símskeyti í fundarstjórásæti sitt. Hann frestaði þegar fundinum, kallaði á mig, en ég sat frammi í sal og bað mig að koma með sér strax upp á Hótel KEA, þar sem hann gisti. Þegar við vorum komnir í herbergi hans sagði hann við mig:

„Ég hef sorgarfrétt að færa þér. Pabbi þinn dó í morgun. Það var efni símskeytisins frá Thor bróður mínum.“

Þetta var mikið áfall fyrir mig. Faðir minn var aðeins sextugur að aldri.

Ég gekk að glugganum og horfði út og hafði engin orð að segja. Þegar ég loks sneri mér að Ólafi runnu tárin niður kinnar hans, en ég grét ekki. Þarna stóðum við, besti vinur föður míns og ég, sonur hins látna. Eðlilegra hefði verið að ég tárfeildi. En það gerði ég ekki, vegna þess að ég var eiginlega búinn að gera það upp við mig, að faðir minn mundi deyja í þessari ferð. Ég fékk hugboð um þau örlög hans. En ég varð engu að síður þungum harmi sleginn og fannst að veröldin hefði kólnað.

Við stóðum þarna nokkra stund, Ólafur gekk til mín, faðmaði mig að sér og sagði að sér myndist rétt að ég færi suður til systkina minna, en sjálfur færi hann á landsfundinn og sliti honum af þessu tilefni. „Það verður þó að kjósa nýjan varaformann,“ sagði ég. „Já,“ segir Ólafur, „kosning fer fram á miðstjórn og formannskjör og varaformanns. Þú þarft ekki að kvíða neinu um eftirmann föður þíns, þótt hans sess verði seint fylltur.“

Síðan sótti ég Sigrúnu konu mína og ókum við niður að höfn, þar sem við áttum að taka sjóflugvél til Reykjavíkur. Ólafur kvaddi en við Sigrún biðum á hafnarbakkanum. Ekki höfðum við dvalið þar lengi er Ólafur kom aftur og nú var Bjarni Benediktsson með honum. Bjarni vottaði okkur samúð sína og fór ekki milli mála að þar fylgdi einlægni orðum. Ólafur klappaði á öxlina á mér og sagði: „Nýi eftirmaður þabba þíns vildi koma hingað niðureftir og hitta ykkur áður en þið færuð.“

Tveim árum síðar varð ég lögfræðingur og fór einnig að starfa í Stjórnarráðinu — og nokkru síðar varð ég aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar. Það reyndust mér lærdómsrík ár.

Minningarathöfn um föður minn fór fram í Dómkirkjunni 14. júlí 1948. Það var ekki jarðarför, því bálför hans hafð farið fram í Boston nokkru áður. Öll dagblöðin minntust hans og var mikill hluti *Morgunblaðsins* lagður undir minningargreinar.

Samferð þeirra Ólafs og Péturs var lokið eftir ævilanga vináttu og samstarf. Ólafur Thors lauk ítarlegri grein sinni um Pétur á þennan hátt:

„Hér hefur ekki verið gerð tilraun til að segja alla sögu mannsins eða stjórnámámannsins Péturs Magnússonar. Verður það áreiðanlega gert síðar. En sjálfur hefur Pétur Magnússon með verkum sínum, mannkostum og mannviti skráð nafn sitt í sögu þjóðarinnar sem einn hennar ágætustu sona að fornu og nýju.“